



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
Formenn/framkvæmdastjórar

Reykjavík, 22. febrúar 2008.

Breyting á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.

Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum þann 21. febrúar 2008 breytingu á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.

Gerð var breyting til samræmis við reglugerð FIFA um félagaskipti. Breytingin er á þann veg að nú er miðað við að leikmaður má aðeins vera skráður í 3 félög á keppnistímabili (var áður á tímabilinu 1. júlí til 30. júní) og má aðeins leika með tveimur félögum á keppnistímabili. Undantekning frá þessu er ef leikmaður fer á milli knattspyrnusambanda með keppnistímabil sem skarast. Breytingin er hér að neðan skáletruð og yfirstrikað er það sem áður var í grein 10:

10.1.1. Leikmaður getur mest verið skráður í þrjú félög ~~milli 1. júlí og 30. júní árið eftir á keppnistímabilinu~~. Á því tímabili er honum aðeins heimilt að taka þátt í opinberum knattspyrnuleikjum með tveimur félögum sbr. þó ~~ákvæði þessarar greinar og ákvæði um tímabundin félagaskipti í 16. grein~~. ***Undanþága skal veitt frá þessu þegar leikmaður skiptir um félag á milli landa, og keppnistímabil þeirra skarast þannig að í öðru landinu er tímabilið vor/haust en í hinu haust/vor. Þegar slíkt á við er leikmanni heimilt að leika í opinberum knattspyrnuleikjum með þremur félagsliðum á keppnistímabilinu svo fremi sem öðrum skuldbindingum sé fullnægt.***

~~10.1.5. Leikmanni sem hefur skipt um félag á tímabilinu 15. – 31. júlí innanlands skal ávallt heimilt að hafa félagaskipti á næsta félagaskiptatímabili þannig að hann geti hafið nýtt keppnistímabil með nýju félagi.~~

Breytingin þýðir í stuttu máli að leikmaður sem t.d. hefur leikið með tveimur félögum erlendis þar sem keppnistímabilið er haust/vor getur skipt yfir í íslenskt félagslið og leikið með því félagi frá upphafi keppnistímabils. Sama gildir um leikmann sem leikur með tveimur íslenskum félagsliðum á keppnistímabilinu, hann getur skipt yfir í þriðja félag eftir keppnistímabil hér ef hann fer í félag þar sem keppnistímabil er haust/vor.

Breytingin tekur gildi nú þegar.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Bestu kveðjur

Þórir Hákonarson
framkvæmdastjóri KSÍ